

AUGLÝSING

um samkomulag milli konungsríkisins Íslands og konungsríkisins Ítalíu
um fyrirkomulag gagnkvæmra greiðslna.

Hinn 30. marz 1936 var undirritað í Róm samkomulag milli Íslands og Ítalíu um fyrirkomulag gagnkvæmra greiðslna.

Samkomulagið var gert á frönsku, en birtist hér með í íslenskri þýðingu:

SAMKOMULAG

milli konungsríkisins Íslands og konungsríkisins Ítalíu um fyrirkomulag gagnkvæmra greiðslna.

Íslenzka ríkisstjórnin og ítalska ríkisstjórnin hafa talið æskilegt að auðvelda verzlunarviðskipti milli þessara tveggja landa, og setja reglur um þar að lútandi greiðslur og hafa því komið sér saman um það, sem hér segir:

1. gr.

Istituto Nazionale per i cambi con l'Esterio og Landsbanka Íslands er heimilað að framkvæma á grundvelli jafnvirðisakaupa þær gagnkvæmu greiðslur, er snerta verzlunarviðskipti milli þessara tveggja landa.

2. gr.

Ofangreindar stofnanir geta beitt þeirri heimild, sem þeim er gefin:

a) með því að leyfa jafnvirðisakaup milli einstaklinga;

b) með því að opnaður sé hjá báðum stofnunum einn allsherjar vaxtalaus jafnvirðisakaupareikningur með því fyrirkomulagi, sem sett verður með samþykki beggja aðilja.

3. gr.

Greiðslur til þeirra, sem telja til skuldar á hinum allsherjar jafnvirðisakaupareikningi, skulu fara fram í þeirri úmaröð, sem innborganirnar eru framkvæmdar af hlutaðeigandi skuldunautum, og að svo miklu leyti sem á reikningnum sjálfum er handbært fé fyrir þeim.

Fyrirframgreiðslur í téðan reikning verða leyfðar með því skilyrði, að þær lúti að vörum, sem þegar eru sendar, eða um sé að ræða afborgun eða áður gerðan samning.

4. gr.

Upphæðir, sem koma til greina við jafnvirðisakaup, skulu yfirleitt miðaðar við fob-verð vörunnar.

Þó skal vera leyft að samþykkja jafnvirðiskaup í eif-verði með því skilyrði, 52
að skipin, sem flytja vöruna, séu ítölsk eða íslenzk, og að farmgjöldin séu reikn- 21. apríl
uð í ítölskum lírum eða íslenzkum krónum.

5. gr.

Hinar tvær stofnanir koma sér saman um ákvörðun þess gengis, sem reikna skal með við innborganir og yfirfærslur snertandi vörusendingar, sem innfærðar eru á allsherjarreikningi jafnvirðis kaupanna.

6. gr.

Báðar ríkisstjórnirnar skuldbinda sig til að gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að auðvelda sem mest góðan árangur af þessu samkomulagi í framkvæmdinni.

7. gr.

Til þess að vörur verði greiddar á grundvelli allsherjar jafnvirðis kaupa, þarf að fylgja þeim upprunavottorð.

8. gr.

Samkomulag þetta skal gilda um greiðslur gagnkvæmra inneigna fyrir innfluttar vörur til Ítalíu og Íslands frá 1. janúar 1936 að telja.

Það gengur úr gildi 30. september 1936. Skal svo litið á sem það sé endurnýjað á þriggja mánaða fresti, nema því sé sagt upp 45 dögum áður en það er útrunnið.

Væntanlegar inneignir, sem jafnvirðis kaupareikningarnir sýna á því augnabliki, er samkomulag þetta gengur úr gildi, skal með farið samkvæmt fyrirmælum þessa samkomulags, unz þær eru að fullu greiddar.

Þessu til staðfestingar hafa fulltrúar ríkisstjórnanna undirritað samkomulag þetta.

Gert í Róm í tveim eintökum, 30. marz 1936.

Fyrir Ísland:
J. C. W. Kruse.

Fyrir Ítalíu:
Mussolini.

Þetta er hérmeð gert almenningi kunnugt.

Í ríkisstjórn Íslands, 21. apríl 1936.

Haraldur Guðmundsson.